

7 leiðir til að hjálpa barni sem stamar

1. Talaðu við barnið þitt án þess að vera að flýta þér, gerðu oft hlé á talinu. Bíddu í nokkrar sekúndur eftir að barnið þitt er búð að tala áður en þú ferð að tala. Þín eigin hæga, rólega rödd mun hafa mun betri áhrif en ráðleggingar eins og “hægðu á þér” eða “reyndu nú aftur aðeins hægar”.
2. Fækkaðu þeim spurningum sem þú myndir spyrja barnið þitt. Börn tala frjalslegar ef þau eru að gefa til kynna sínar eigin hugmyndir en ef þau eru að svara spurningum fullorðinna. Í stað þess að spyrja spurninga, gerðu athugasemdir við það sem barnið þitt var að segja og láttu þar með vita að þú hafir heyrt það.
3. Notaðu svipbrigði og aðra líkamstjáningu til að gefa til kynna gagnvart barninu þínu að þú sért að hlusta á innihaldið í því sem það sem það er að segja og ekki bara hvernig það segir það.
4. Taktu frá nokkrar mínútur á einhverjum föstum tíma daglega þar sem þú getur gefið barninu þínu óskipta athygli. Í þessar mínútur skaltu láttu barnið velja hvað það vill gera. Láttu það leiða þig inn í þessa leiki og láttu það sjálft ákveða hvort það vill tala eða ekki. Þegar þú talar í þessar ákveðu mínútur, notaðu þá hægán, rólegan og afslappaðan talanda með mörgum hléum. Þessi hljóðlátí, rólegi tími getur verið traustuppbyggjandi fyrir yngri börn, og sýnir þeim að foreldri kann að meta félagsskap þeirra. Þegar barnið eldist getur sá tími komið að barninu finnst gott að tala um hugsnir sínar og tilfinningar við foreldri.
5. Aðstoðið alla fjölskyldumeðlimi við að skiptast á við að tala og hlusta. Börnum, sérstaklega þau sem stama, finnst mun auðveldar að tala þegar eru fáar truflanir og þau hafa athygli hlustandans.
6. Athugaðu hvernig þú hefur samskipti við barnið þitt. Reyndu að fjölga þeim stundum þar sem börnin fá þau skilaboð að verið sé að hlusta á þau og þau hafi nægan tíma til að tala. Reyndu að draga úr aðfinnslum, hröðu tali, truflunum og spurningum.
7. Fyrst og fremst, stefnið að því að meta barnið þitt eins og það er. Það áhrifaríkasta er þinn stuðningur við það, hvort sem það stamar eða ekki.



A Nonprofit Organization
Since 1947—Helping Those Who Stutter

1-800-992-9392

www.stutteringhelp.org
www.tartamudez.org